

## Verklag við útflutningseftirlit fiskafurða

1. Útflytjandi sækir um útgáfu á heilbrigðisvottorði með sendingu af fiskafurðum til útflutnings til með því að fylla út viðeigandi vottorðseyðublað og senda á [utflutningur@mast.is](mailto:utflutningur@mast.is)
2. Starfsmaður MAST á Inn- og útflutningsskrifstofu sem sér um vottorðsútgáfu fiskafurða, kallar eftir hleðslustaðfestingu (EBL-016) hjá útflytjanda í samræmi við Eftirlitsáætlun um útflutning fiskafurða (LBE-099).
3. Starfsmaður MAST (skv. lið 2.) sendir útfyllta hleðslustaðfestingu (EBL-016) vegna sendingarinnar til viðeigandi eftirlitsmanns. Sjá meðfylgjandi skrá með upplýsingum um eftirlitsaðila.
4. Eftirlitsmaður (HES) undirbýr hleðslustaðfestingu með því að prenta út útfyllt EBL-016 og hafa samband við tengilið á tilgreindri lestunarhöfn sendingar varðandi tímasetningu eftirlits.
5. Á lestunarhöfn framkvæmir eftirlitsmaður eftirlit samkvæmt gátlista (GAT-015). Jafnframt lýkur hann við útfyllingu á hleðslustaðfestingunni.
6. Eftirlitsmaður sendir útfyllt og frágengin skjöl (EBL-016 og GAT-015) til MAST á [utflutningur@mast.is](mailto:utflutningur@mast.is)